


Grunnskólinn í Stykkishólmi

Starfsáætlun – skólahandbók

2018 - 2019

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði



Efnisyfirlit	2
Frá skólastjóra	4
Hagnýtar upplýsingar	5
Skrifstofuþjónusta	5
Forföll barna	5
Leyfi frá skóla	5
Mötuneyti	5
Nesti	6
Heilsdagsskóli	6
Upplýsingakerfi	6
Bókasafn	6
Forföll starfsfólks	6
Stjórnun og starfsfólk	7
Starfsmannastefna	7
Starfsfólk	7
Skólaráð	7
Skólanefnd	7
Um skólastarfið	8
Einkunnarorð	8
Áherslur í skólastarfinu 2016 - 2017	9
Skóladagatal	9
Stundaskrá	11
Íþrótt- og sundkennsla	11
Danskennsla	11
Val nemenda	11
Útikennsla	12
Námsmat	12
Móttaka nýrra nemenda	12
Móttaka nýbúa	12
Skólareglur	13
Útireglur	13
Tölvur og snjalltæki	13
Uppbygging	13
Fjarvistir	14
Uppeldi til ábyrgðar	14
Félagsstarf nemenda	14
Ferðalög nemenda	15
Ferð í Búðardal	15
Menningarferð til Reykjavíkur	15
Skíðaferð	15
Skólabúðir	15
Danmerkurferð	16
Fréttabréf	16
Litlu jólin	16
Myndatökur	16
Samræmd könnunarpróf	16

Upplestrarkeppnin	17
Samstarf	17
Samstarf heimila og skóla	17
Foreldrafélag	17
Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi.....	18
Upphaf skólagöngu.....	18
Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms	18
Samstarf við aðra skóla	18
Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi	18
Stoðþjónusta.....	19
Sérkennsla	19
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	19
Sálfræðiþjónusta	19
Kennslu – og námsráðgjöf.....	20
Talmeinafræðingur	20
Nemendaverndarráð	20
Heilsugæsla	20
Lyfjagjafir til skólabarna á skólatíma	21
Forvarnir og öryggismál.....	21
Áföll – ástvinamissir	21
Einelti	21
Jafnréttisáætlun	22
Frímínútur.....	22
Morgungæsla	22
Óveður.....	23
Rýmingaráætlun – Brunnaefing.....	23
Umferðin	23

Frá skólastjóra

Ágætu forráðamenn og aðrir lesendur.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á gæðum og árangri skólalærisins. Skólanámskrá er reglulega endurskoðuð. Skal hver skóli birta stefnu sína með tvenns konar hætti. Annars vegar almenna stefnumörkun í skólanámskrá og hins vegar upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs í árlegri starfsáætlun.

Þessi handbók er starfsáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi fyrir skólaárið 2018 – 2019 og er liður í viðleitni okkar til að auka upplýsingaflæði og skerpa á ákveðnum áhersluatriðum. Mikilvægi góðra samskipta heimila og skóla sem helst í hendur við góða samvinnu varðandi kennslu og uppeldi nemenda verður seint ofmetið. Það er forsenda þess að við getum náð fram hámarksárangri hvers og eins nemanda.

Í handbókina höfum við safnað ábendingum og upplýsingum um starfið í grunnskólanum og vonumst við til þess að útgáfa hennar nýtist ykkur foreldrum/forráðamönnum. Áfram mun skólastjóri viðhalda þeim sið að senda foreldrum/forráðamönnum föstudagspunkta með hagnýtum upplýsingum og fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni. Þá verða bréfin einnig sett inn á heimasíðu skólans.

Þetta skólaár munum við áfram vinna með uppbyggingarstefnuna. Á undirbúningsdögum var haldið námskeið fyrir allt starfsfólk til þess að festa stefnuna enn betur í sessi. Þá ætlum við að vinna áfram með Byrjendalæsi.

Þá verður unnið með einkennisorð skólans sem eru Gleði – Samvinna – Sjálfstæði.

Með ósk um farsælt og ánægjulegt skólalæsi

Berglind Axelsdóttir, skólastjóri

Hagnýtar upplýsingar

Grunnskólinn í Stykkishólmi
Borgarbraut, 340 Stykkishólmur
Sími: 433 8177

Berglind Axelsdóttir, skólastjóri.
Beinn sími 433 8178, netfang: berglind@stykk.is

Lilja Írena Guðnadóttir, deildarstjóri.
Beinn sími 433 8179, netfang: liljairena@stykk.is

Sesselja Kristinsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu.
Beinn sími 433 8187, netfang: sella@stykk.is

Íþróttahús: 433 8150
Heilsdagsskóli: 433 8185
Veffang skólans er: <http://www.stykkisholmur.is/grunnskolin/>

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin virka daga frá kl. 7.45 til 15.00.

Forföll barna

Á skrifstofu Grunnskólans í Stykkishólmi er Guðmunda Ragnarsdóttir ritari skólans. Hún tekur á móti forfallatilkynningum og öðrum erindum og kemur þeim áleiðis.

Einnig er hægt að senda erindi á netfang skólans: grunnskoli@stykk.is.

Leyfi frá skóla

Ef barn þarf leyfi frá skóla lengur en í tvo daga þurfa forráðamenn barnsins að hafa samband við skólastjóra eða deildarstjóra með því að fylla út leyfisbeiðni á heimasíðu skólans undir nám og kennsla og þar undir hvern bekk fyrir sig. Umsjónarkennari og ritari geta veitt leyfi til skemmri tíma.

Vinsamlegast athugið að öll röskun á námi nemandans sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Mötuneyti

Hádegismatur er í mötuneyti mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum lýkur kennslu fyrir kl. 13:00 og þá daga er mötuneytið aðeins opið nemendum í heilsdagsskóla. Aðrir nemendur hafi með sér nesti á föstudögum.

Nemendur matast í tveimur hópum, 5. – 10. bekkjar eiga matartíma kl. 11:50-12:20 og nemendur 1. – 4. bekkjar kl. 12:30-13:00.

Maturinn er seldur í áskrift einn mánuð í senn. Ekki er hægt að segja áskrift upp innan áskriftartímabils. Mataráskrift framlengist sjálfkrafa nema henni sé sagt upp fyrir 20. hvers mánaðar.

Aðeins er hægt að skrá nemendur í mat alla dagana og ekki verður endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari samfelld í viku eða lengur. Innheimt verður fyrirfram fyrir mánuð í senn. Matseðill eina viku fram í tímann verður birtur á heimasíðu skólans.

Nesti

Skólinn mælir með að foreldrar láti börn sín hafa hollt og gott nesti, t.d. ávexti eða grænmeti. Allir nemendur hafa aðgang að mjólk og vatni þeim að kostnaðarlausu. Í samræmi við umhverfisstefnu skólans eru nemendur beðnir um að koma ekki með drykki í fernum og stilla notkun annarra einnota umbúða í hóf.

Nemendur sem ekki kaupa mat í mötuneytinu borða nestið sitt með samnemendum sínum í matsal.

Á föstudögum býðst nemendum í 5. – 10. bekk að kaupa skúffukökusneið í nestistíma, en það er liður í fjáröflun 9. bekkjar hverju sinni.

Regnbogaland – lengd viðvera

Lengd viðvera er í boði fyrir 1. – 4. bekk frá kl. 12:30 – 16:00.

Matur er kl. 12:30 og síðdegishressing kl. 14:30.

Upplýsingakerfi

Upplýsingakerfið Námfús – www.namfus.is gerir samskipti innan skóla skilvirkari og auðveldar upplýsingagjöf og samskipti við foreldra. Kerfið eykur möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og þátttöku þeirra í skólastarfinu. Foreldrar fá afhent lykilorð hjá umsjónarkennara á haustin og hafa m.a. aðgang að námsáætlun, stundaskrá, heimavinnuáætlun, geta fengið upplýsingar um dagbókarfærslur vegna nemenda o.fl.

Bókasafn

Við skólann er nýbyggt glæsilegt bókasafn sem þjónar bæði skólanum og almenningi. Opnunartíma og almennar upplýsingar má finna á heimasíðu bókasafsins <https://stykkisholmur.is/thjonustan/bokasafn/>

Forföll starfsfólks

Þegar kennarar forfallast er reynt eftir öllum mætti að fá afleysingarkennara. Yngri börn eru aldrei send heim nema foreldrum sé gert viðvart.

Stjórnun og starfsfólk

Starfsmannastefna

Meginmarkmið starfsmannastefnu Grunnskólans í Stykkishólmi er að auka gæði skólastarfsins jafnframt því að auka starfsánægju, almenna vellíðan og árangur starfsfólks.

Starfsfólk

Við skólann starfa skólastjóri og deildarstjóri almennrar kennslu. Einnig erum við með verkefnastjóra sérkennslu í hálfri stöðu.

Heildarfjöldi starfsmanna sem starfa við skólann er 40. Þar af eru kennarar 18, 14 í heilum stöðum, 3 í hálfum stöðum og einn stundakennari.

Auk þess sinna deildarstjóri almennrar kennslu og verkefnastjóri sérkennslu að hluta til kennslu.

Starfsmenn - Stöðugildi

Grunnskólinn í Stykkishólmi

Stjórnun 2,5

Kennarar 18

Skólaliðar 5

Stuðninsfulltrúar 9

Skólaritari 1

Bókavörður 1

Regnbogaland – lengd viðvera

Stjórnun 0,5

Starfsmenn

Skólaráð

Við grunnskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð má sjá á heimasíðu skólans.

Skólanefnd

Í 6. gr. laga um grunnskóla frá árinu 2008 stendur þetta um *Skólanefndir*:

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla
- c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu,
- e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd Stykkishólmsbæjar skipa:

María Kúld Heimisdóttir

Guðrún Svana Pétursdóttir

Ásmundur Guðmundsson

G. Björgvin Sigurbjörnsson

Jón Einar Jónsson

Bjarndís Emilsdóttir

Sigurður Grétar Jónasson

Gissur Arnarsson

Kristín Rós Jóhannesdóttir

Herdís Ásgeirsdóttir

Um skólastarfið

Grunnskólinn í Stykkishólmi er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Skólaárinu er skipt í tvær annir og fá nemendur rafrænan vitnisburð í lok haustannar. Í lok vorannar fá nemendur útprentuð vitnisburðarblöð með niðurstöðum beggja anna.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn kynni sér skóladagatal og hugi að annarskilum, námsmatsdögum, foreldraviðtölum, starfsdögum og öðrum atburðum. Sjá má skóladagatalið hér aftar og á vef skólans.

Einkunnarorð

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði

Einkunnarorð skólans eru samansett af skammstöfun hans þ.e. Grunnskólinn í Stykkishólmi. Markmiðið er að útskrifa glaða, samvinnufúsa og sjálfstæða einstaklinga.

Áherslur í skólastarfinu 2018 - 2019

Fyrir utan hið hefðbundna daglega skólastarf vinnur starfsfólk skólans að því að móta stefnu og skipulag fyrir margvíslega þætti starfsins. Einnig þarf stöðugt að standa vörð um og viðhalda því sem hefur gefist vel.

Eftirtalin verkefni fá sérstaka athygli hjá okkur í vetur:

Byrjendalæsi

Teymiskennsla

Uppeldi til ábyrgðar

Upplýsingatækni í kennslu

Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar barna 180. Kennsludagar eru 180 og þar af þrír skertir dagar, skólasetningardagur, kennapingsdagur og dagur fyrir vetrarfrí. Skertir dagar eru það þegar börn mæta aðeins hluta úr degi. Vetrarleyfi, páskaleyfi og skipulagsdagar kennara má sjá á skóladagatali. Kennsla fellur niður á skipulagsdögum kennara en þeir eru fimm yfir skólaárið.

Svokallaðir „aðrir skóladagar“ eru fimm talsins. Það er síðasti dagur fyrir jól, „litlu jólin“. Auk hans eru svo dagar hjá nemendum þegar skólastarfið er ekki samkvæmt venjulegri stundaskrá. Þar má nefna útivistardaga og nemendaferðir sem eru ekki dagsettar og eru misjafnlega margir dagar eftir árgöngum.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:
 Grunnskólinn í Stykkishólmi
 Starfsdagar
 Gætt daga
 Hættisdagar

Grunnskólinn í Stykkishólmi

Aukst	SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DECEMBER		JANÚAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MÁJ		JÚNÍ		
	1. L	2. S	1. M	2. F	1. F	2. M	1. S	2. M	1. F	2. S	1. M	2. F	1. S	2. M	1. F	2. S	1. M	2. F	1. S	2. M	
1. M																					
2. F																					
3. F																					
4. L																					
5. S																					
6. M																					
7. B																					
8. M																					
9. F																					
10. F																					
11. L																					
12. S																					
13. M																					
14. B																					
15. M																					
16. F																					
17. F																					
18. L																					
19. S																					
20. M																					
21. B																					
22. M																					
23. F																					
24. F																					
25. L																					
26. S																					
27. M																					
28. B																					
29. M																					
30. F																					
31. F																					

Samkvæmt Kjarsamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
 Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarsamningnum.
 Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Stundaskrá

Kennslustundafjöldi nemenda miðað við heilt skólaár er 30 stundir í 1. – 4. bekk, 35 stundir hjá nemendum í 5. – 7. bekk og 37 stundir hjá 8. – 10. bekk.

Skólahúsið er opnað kl. 7:45 á morgnana og kennsla hefst alla daga kl. 8:05. Kennslustundir eru 40 mínútur og eru fyrstu fjórar kennslustundirnar jafnan kenndar í tveimur 80 mínútna lotum með 15 mínútna frímínútum á milli.

1. – 4. bekkur taka síðan aðra 80 mínútna lotu eftir frímínútur kl. 11:10 og ljúka sínum skóladegi kl 12:30

Hádegishlé hjá 5. – 10. bekk er eftir 5. kennslustund kl. 11:50.

Íþrótt- og sundkennsla

Jákvæð hreyfing eykur þol, kraft og almenna vellíðan. Hreyfingarskortur er einn helsti menningarsjúkdómur nútímans. Í skólanum fá nemendur í 1. – 6. bekk tvo sundtíma í viku og nemendur í 7. – 10. bekk einn. Allir nemendur fá tvo íþróttatíma í viku.

Ef nemandi getur ekki farið í sund/íþróttir skal tilkynna það til skólaritara.

Tíðir stúlkna: Það er engin ástæða til að sleppa íþróttum og sund vegna tíða ef einkenni eru ekki þeim mun verri. Stúlkurnar geta fengið að fara fyrr úr tíma ef þeim finnst það betra. Líkamsþjálfun getur haft jákvæð áhrif á líðan stúlkna þegar tíðir standa yfir. Stúlkur á tíðum geta fengið frí frá sundi ef foreldrar óska eftir því. Foreldrar skulu þá tilkynna það.

Danskennsla

Danskennsla er árlega í 1. – 6. bekk. Í vetur hafa nemendur 7. – 10. bekkjar val um að mæta í danstíma. Danskennarar frá **Dansskóla Jóns Péturs og Köru** hafa sinnt kennslunni og hefur danslotu hvers árs lokið með danssýningu nemenda.

Kennslan fer fram í 1/3 hluta íþróttasalarins. Hópaskipting verður auglýst eftir fyrstu heimsókn danskennara.

Eftirtaldir dagar hafa verið ákveðnir en hugsanlega gætu orðið einhverjar breytingar og verða þær því auglýstar með fyrirvara.

September: 17. og 18., 24. og 25.

Október: 4. og 5., og 11. og 12.

Útikennsla

Skólinn hefur aðgang að góðri útikennslustofu í skógræktinni við Grensás.

Námsmat

Námsmat er birt nemendum og foreldrum rafrænt í lok haustannar. Í lok vorannar fá nemendur útprentuð vitnisburðarblöð með niðurstöðum annanna þriggja.

Val nemenda

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á að auka valfrelsi nemenda og þar með ábyrgð þeirra á eigin námi.

Umsjónarkennarar, skólastjórar og kennarar valgreinanna veita nemendum og foreldrum fúslega nánari upplýsingar.

Ár A (2018-2019)

Bundið val:

Textíll

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)

Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)

Tónlistarsk.: Undirleikur (1)

Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)

Tónlistarskólinn: Kór (1)

Snæfell: Karfa (3)

Snæfell: Fótbolti (2)

Snæfell: Frjálsar (1)

Snæfell: Sund (1)

Skólahreysti/crossfit (2)

Pólska (2)

Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Ár B (2019-2020)

Bundið val:

Textíll

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)

Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)

Tónlistarsk.: Undirleikur (1)

Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)

Tónlistarskólinn: Kór (1)

Snæfell: Karfa (3)

Snæfell: Fótbolti (2)

Snæfell: Frjálsar (1)

Snæfell: Sund (1)

Skólahreysti/crossfit (2)

Pólska (2)

Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Ár C (2020-2021)

Bundið val:

Textíll

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Myndmennt

Heilsársval - alltaf

Tónlistarsk.: 1 hljóðf. (2)

Tónlistarsk.: 2 hljóðf. (3)

Tónlistarsk.: Undirleikur (1)

Tónlistarsk.: Hljómsveit (1)

Tónlistarskólinn: Kór (1)

Snæfell: Karfa (3)

Snæfell: Fótbolti (2)

Snæfell: Frjálsar (1)

Snæfell: Sund (1)

Skólahreysti/crossfit (2)

Pólska (2)

Tómst.- og félagsmálafr. (2)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Hálfsársval - alltaf

Ökukennsla – f. 10. b. (1)

Heilsársval - rúllandi

Heilsdagsskólinn (1)

Heilsársval - rúllandi

Á vinnumarkaðinum (2)

Heilsársval - rúllandi

Skírnakjólagerð/bútasamur (2)

Hálfsársval - rúllandi

UT Miðlun (1) UT

Skrautritun (1)

Leirvinnsla (1)

Hjólreiðar (1)

DuoLingo (1)

Fatasamur (1)

Þýska (1)

Hálfsársval - rúllandi

Green screen (1)

Skák (1)

Skúlpúrgerð úr pappam. (1)

Skylmingar (1)

Réttir þjóðanna (1)

Prjón/hekl (1)

Hugarfrelsi (1)

Hálfsársval - rúllandi

UT Forritun (1)

Fluguhnýtingar (1)

Silfursmíði (1)

Íþróttfræði (1)

Hollt og gómsætt (næringafr.) (1)

Hestasport (1)

Heimspeki (1)

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nemendur, aðrir en 1. bekkingar, eru innritaðir í Grunnskólann í Stykkishólmi stendur þeim til boða kynning á skólanum. Skólastjóri eða deildarstjóri almennrar kennslu leiðir nemandann og foreldra hans um skólann og kynnir þeim húsnæðið og skólastarfið. Ef tók eru á kynnir hann einnig nemandann fyrir verðandi umsjónarkennara og bekkjarfélögum. Nýneminn fær síðan skólahandbókina í hendur ásamt stundaskrá og öðrum gögnum sem hann þarf á að halda.

Móttaka nýbúa

Þegar tekið er á móti beiðni um skólavist fyrir erlent barn fá foreldrar í hendur skólahandbókina og almennar upplýsingar um fyrirkomulag skólakerfisins á eigin tungumáli, ef aðgengi er að því.

Skólastjórnendur og verkefnisstjóri bera ábyrgð á innritun erlendra nemenda. Ef kalla þarf til túlk verður að leita samþykkis foreldra og þegar það er fengið hefur skólinn samband við Túlkþjónustu Alþjóðahússins.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal ásamt bekkjarkennara svo hann kynnist svo fljótt sem auðið er nemandanum og foreldrum hans og bakgrunni þeirra. Farið er í kynnisferð um skólann. Ef annar nemandi er í skólanum frá sama tungumálasvæði er hann beðinn að vera tilsjónarmaður fyrstu vikunnar í skólanum.

Ef vafi leikur á rétti barns til skólagöngu skal málinu vísað til **Félags- og skólaþjónustunnar** sem leitar eftir samráði við þá aðila sem með slík mál fara.

Skólareglur

- við sinnum hlutverki okkar
- við leyfum öðrum að vera þeir sjálfir
- við komum fram af kurteisi
- við berum ábyrgð á eigum okkar og skólagögnum
- við virðum eignarétt annarra

Útireglur

- Hjól, hlaupahjól og hliðstæð farartæki eru leyfð í og úr skóla og á sérstaklega auglýstum dögum.
- Það er skylda að nota öryggishjálma.
- Tækin eru á ábyrgð nemenda og foreldra.
- Leyfilegt er að koma með snjópotur og sleða þegar veður leyfir.
- Skólalóð og leiktæki eru ætluð heilsdagsskólabörnum frá 13:00-16:00.
- Snjókastsvæði er á stóra körfuboltavellinum.

Tölvur og snjalltæki

- Snjalltæki eru leyfð í 5. - 10. bekk.
- Í kennslustundum eiga snjalltæki að vera geymd í tösku nema kennari leyfi annað.
- Notkun snjalltækja er óheimil í matsal.
- Tölvur og snjalltæki eru á ábyrgð eiganda.

Uppbygging

1. brot – atvik skráð hjá ritara

Nemandi er spurður um hlutverk sitt og hvort hann geti sinnt því, ef það nægir ekki er nemandi boðið að gera uppbyggingaráætlun og leiðrétt mistök.

Nemandi gefst tækifæri til að leiðrétt og bæta fyrir brot án beitingu viðurlaga.

2. brot – atvik skráð hjá ritara og í dagbók nemanda í Námfús

Starfsmaður skóla getur aðstoðað nemandann við að leysa úr sínum málum, einnig getur hann vísað málinu til foreldra ef hann hefur ekki aðstæður eða tök á að aðstoða nemandann.

3. brot – atvik skráð hjá ritara og í dagbók nemanda í Námfús

Málinu vísað til skólastjóra og foreldra þar sem unnið verður að uppbyggingaráætlun.

Við alvarleg brot eru foreldrar kallaðir til samstundis.

Fjarvistir

Allar fjarvistir nemenda eru tölvuskráðar og koma fram á vitnisburðarblöðum. Haft er samband við foreldra ef mætingu nemanda er ábótavant.

Góð skólasókn er nemandanum afar mikilvæg ef námið á að skila þeim árangri sem stefnt er að. Þessar reglur eru til þess gerðar að auðvelda nemendum, foreldrum og kennurum að halda utan um mætingu nemenda og hvetja þá til að vanrækja ekki þennan þátt skólustarfsins.

Uppeldi til ábyrgðar

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er unnið að því að innleiða Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga.

Markmiðið hennar er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til þess eins að vera ánægðir með sjálfa sig, en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun. Þess vegna er mikil áhersla lögð á að nemendur velti fyrir sér spurningunni: „Hvernig manneskja vil ég vera?“ Í stað þess að hugsa: „Hvað fæ ég fyrir ef ég geri svona eða hinsegin?“

Eitt einkenni stefnunnar er að allir gera mistök og það sé í lagi. Öll höfum við meðfæddar þarfir og ræðst hegðun okkar af því hvaða þörfum við viljum fullnægja. Stundum veljum við ranga leið og brjótum þá á öðrum. Uppbyggingarstefnan hjálpar okkur að finna rétta leið.

Uppeldi til ábyrgðar kennir okkur líka að við erum ábyrg fyrir eigin hegðun, starfi og námi. Lögð er mikil áhersla á hlutverk hvers og eins. Starfsmenn skólans og nemendur skilgreina saman hlutverk hvers og eins í skólanum.

Félagsstarf nemenda

Markmið félagsstarfs er að auka félagsfærni nemenda og efla samkennd.

Félagsstarf nemenda í 7.–10. bekk Grunnskólans í Stykkishólmi er skipulagt af **nemendaráði** og **íþróttaráði** sem er lýðræðislega kosið. Hver bekkur kys einn fulltrúa til setu í hvort ráð. Formenn beggja ráða eru kosnir á sal.

Einn stærsti viðburður vetrarins er árshátíð nemenda. Yngri nemendur halda hefðbundna árshátíð þar sem hver bekkur undirbýr atriði fyrir áhorfendur.

Nemendur í 7.-10. bekk halda hátíðlega árshátíð með hátíðarmat og skemmtiatriðum. Ball er fyrir alla nemendur skólans, í aldurskiptum hópum.

Hefðir og fastir liðir Ferðalög nemenda

Á hverju skólaári fara einhverjir nemendahópar skólans í ferðalög með kennurum sínum. Tilgangur þessara ferða er meðal annars:

- að nemendur kynnist menningu þeirra staða sem farið er til
- að nemendur kynnist náttúru landsins, atvinnuháttum og menningu
- að nemendur njóti útivistar
- að nemendur njóti samveru undir leiðsögn kennara.

Nemendum ber að koma þrúðmannlega fram hvar sem þeir fara á vegum skólans og sýna háttprýði, tillitssemi og virðingu í garð sjálfra sín, annarra nemenda og starfsfólks.

Nemendum ber að fara að reglum á ferðalögum á sama hátt og innan skólans og hlíta fararstjórn kennara í einu og öllu.

Nemendur sem sýnt hafa að þeir uppfylla ekki ofangreind skilyrði um hegðun í ferðalögum eða fara ekki eftir reglum skólans fyrirgera rétti sínum til að fara í ferðir á vegum hans. Gera skal þeim og foreldrum þeirra grein fyrir því með góðum fyrirvara.

Ferð í Búðardal

Í **3. bekk** er farin dagsferð inn í Búðardal þar sem Mjólkurstöðin er skoðuð. Einnig eru Eiríksstaðir í Haukadalei og Erpstaðir heimsóttir.


Nemendur hafi ávallt í huga að þeir eru fulltrúar skólans í þeim ferðalögum sem farin eru á vegum hans.

Menningarferð til Reykjavíkur

Menningarferð er farin með nemendum í **5. bekk**. Nemendur fara til Reykjavíkur, gista eina nótt, skoða söfn, fara í leikhús/bíó og gera ýmislegt fleira sér til skemmtunar.

Skíðaferð

Nemendur í **7. bekk** hafa árlega farið í þriggja daga skíðaferð. Undanfarin ár höfum við farið til Dalvíkur en þar er mjög góð aðstaða fyrir slíkar ferðir.



Skólabúðir

Áralöng hefð er fyrir því að nemendur í **8. bekk** skólans fari í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal og dvelji þar í eina viku.

Markmið með dvölinni er meðal annars að efla samstöðu og samvinnu milli nemenda, auka félagslega færni þeirra og gefa þeim tækifæri til að fást við ný viðfangsefni. Viðfangsefnin í skólabúðunum eru fjölbreytt, m.a. er mikið um íþróttir og útiveru.

Ferðirnar hafa stuðlað að betri samvinnu og samkennd meðal nemenda og þeir hafa kynnst á annan hátt og í öðru umhverfi en venjulega.

Danmerkurferð

Mikið og öflugt samstarf hefur lengi verið á milli Grunnskólans í Stykkishólmi og grunnskólanna í **Kolding**, vinabæ okkar í Danmörku. Hefur sú hefð haldist, svo til undantekningarlaust, frá 1995 að nemendaheimsóknir hafa verið á báða bóga. Nemendur okkar hafa tekið á móti nemendum frá Kolding, sýnt þeim bæinn og unnið ýmis verkefni með þeim, og hafa svo á móti farið til þeirra til Kolding.

Ferðin er yfirleitt farin í upphafi 10. bekkjar. Kleinusala 9. bekkjar er stærsti fjáröflunarliðurinn til að fjármagna þessa ferð.

Fréttabréf

Skólastjóri hefur vikulega sent „Vikupunkta“ á póstlista foreldra nemenda við skólann frá því veturinn 2010-2011.

Í þeim punktum hefur verið miðlað hagnýtum upplýsingum um skólastarfið ásamt fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni. Föstudagspunktarnir verða síðan settir á heimasíðu skólans.

Litlu jólin

Síðasta skóladag fyrir jólaeyfi koma nemendur í betri fötum og eiga notalega stund saman. Í upphafi stundarinnar syngja allir nemendur nokkur jólalög saman og fara svo með umsjónarkennara sínum í stofu og halda litlu jól. Lesin er jólasaga og hefð er fyrir því að skiptast á litlum jólapökkum. Kemur hver nemandi þá með einn pakka til að setja í púkkið og draga annan í staðinn.

Myndatökur

Annað hvert ár eru teknar myndir af öllum bekkjum skólans. Nemendum býðst að kaupa þessar ljósmyndir en auk þess er eintak varðveitt í skólanum.

Upplestrarkeppnin

Árlega er haldin upplestrarkeppni meðal nemenda í 7. bekkjum á Íslandi, **Stóra upplestrarkeppnin**.

Hún hefst formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, og lýkur í mars.

Markmið hennar er að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði.

Keppnin fer fram í tvennu lagi. Fyrri hlutinn fer fram í skólanum og miðast við að fá nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Honum lýkur með upplestrarhátíð þar sem tveir nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans. Í síðari hluta keppinnar keppa fulltrúar skóla á Snæfellsnesi um hver hlýtur titilinn besti upplesarinn.



Samstarf

Samstarf heimila og skóla

Gott samstarf skólans og foreldra nemenda er mikilvægt í skólastarfinu enda er það áréttað bæði í lögum um grunnskóla og í Aðalnámskrá.

Samstarf heimila og skóla er á mörgum sviðum, s.s. samskipti og upplýsingamiðlun, heimanám og ástundun, uppeldi, hegðun og skólasókn.

Skólinn vill veita foreldrum greinagóðar upplýsingar um skólastarfið og hefur lagt sig fram um að auka upplýsingamiðlun frá skóla til foreldra. Þar má nefna t.d. „Föstudagspunkta“ skólastjóra og aukna notkun kennara á upplýsingakerfinu Mentor

Nauðsynlegt er að foreldrar þekki og styðji við faglegar áherslur skólans og treysti starfsfólki hans til að framfylgja þeim.

Af skólans hálfu eru skipulagðir foreldrafundir og foreldraviðtöl þrisvar á ári í upphafi hverrar annar. Foreldrar eru ætíð velkomnir í skólann á starftíma hans og eru hvattir til að nýta sér það og viðtalstíma starfsfólks.

Foreldrafélag

Við skólann starfar foreldrafélag. Skipulag þess er með þeim hætti að foreldrar hvers bekkjar mynda deild í félaginu. Deildirnar kjósa sér stjórnir á hverju ári og mynda fulltrúar þeirra sameiginlega stjórn foreldrafélagsins sem svo fundar mánaðarlega á starfstíma skóla.

Á vef skólans má sjá hverjir skipa stjórn foreldrafélagsins en hún er jafnan kosin á foreldrafundum í september. Þar er einnig að finna lög félagsins og fundargerðir.

Samstarf við Leikskólann í Stykkishólmi

Grunnskólinn í Stykkishólmi er í samstarfi við Leikskólann í Stykkishólmi. Markmiðið með því samstarfi er að auka upplýsingastreymi milli skólastiganna og fá sameiginlega sýn á þroska og færni barna á mótum leikskóla og grunnskóla.

Upphaf skólagöngu

Á lokaári leikskólans koma nemendur í grunnskólann þrisvar sinnum í heimsókn. Í fyrstu heimsókn koma nemendur og hitta skólastjórnendur. Þeir fá leiðsögn um skólann. Síðar eru tvær skiptinemaheimsóknir. Þá koma leikskólanemendur í litlum hópum inn í 1. bekk og eru þar tvær kennslustundir, drekka nesti og fara út í frímínútur. Á sama tíma fer hópur úr 1. bekk í heimsókn í leikskólann.

Í maí er öllum tilvonandi 1. bekkingum boðið upp á þriggja daga **vorskóla**. Nemendur mæta þá í skólann eftir hádegið og fá þá að kynnast helstu greinum skólstarfsins, hitta tilvonandi kennara sína og vinna að ýmsum spennandi verkefnum.

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms

Samstarf við Tónlistarskóla Stykkishólms á sér langa sögu. Skólarnir deildu lengi sama húsnæði og samstarf kennara skólanna hefur oft verið náð. Það hefur verið grunnskólanum mikill fengur að geta leitað til tónlistarkennara við ýmis tækifæri.

Fullt hljóðfæra- eða söngnám við tónlistarskólann hafa nemendur í 8. – 10. bekk getað nýtt sem valgrein við grunnskólann og auk þess hafa nemendur átt kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma grunnskólans en þá með samþykki foreldra.

Samstarf við aðra skóla

Skólinn og einstaka bekkir eiga samskipti af ýmsum toga við aðra skóla, innanlands og utan. Skólinn vill stuðla að slíkum samskiptum sem oftast eru bundin áhuga einstakra bekkja og kennara.

Nokkrir bekkir skólans eiga sér t.d. vinabekki í Kolding í Danmörku.

Það er ekki stefna skólans að samskipti sem stofnað er til með þessum hætti feli sjálfkrafa í sér ferðalög og gagnkvæmar heimsóknir. Ákvarðanir um slíkt verður að taka sameiginlega af nemendum, foreldrum og skólanum og hafa að leiðarljósi hvernig það fellur að skólstarfinu og möguleikum foreldra og nemenda og skólans til að fjármagna ferðirnar.

Skólinn hefur tekið þátt í Comeniusar-verkefni með skólum frá Finnlandi, Póllandi, Spáni og Ítalíu. Það verkefni náði yfir nokkur skólaár með þátttöku nemenda og kennara.

Samstarf grunnskóla á Snæfellsnesi

Samstarf grunnskólanna á norðanverðu Snæfellsnesi á sér langa sögu og hefur færst í fastari skorður með stofnun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Skólastjórar funda nokkrum sinnum á vetri og hafa með sér samráð um ýmislegt í skólastarfinu, m.a. skóladagatal og símenntun starfsfólks. Þá hafa nemendur skólanna með sér samráð um félagsstarf og önnur samskipti.

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í Aðalnámskrá er hverjum árgangi sett markmið. Mikill munur er þó á færni og þroska nemenda innan hvers árgangs. Því er komið til móts við þarfir hvers nemanda með því að meta reglulega stöðu hans og þörf fyrir sértækan stuðning. Brýnt er að greina sérþarfir nemenda sem allra fyrst á skólagöngunni til að auðvelda þeim að fylgja markmiðum námskrár.

Grunnskólinn í Stykkishólmi er skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda í samræmi við áherslur í grunnskólalögum. Til þess að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlega kennsluhætti og samvinnu nemenda.

Í sérkennslu sem og öllu starfi Grunnskólans í Stykkishólmi er lögð mikil áhersla á samstarf allra þeirra sem starfa og hræst í umhverfi nemandans. Þannig er lögð áhersla á að virkja foreldra til samvinnu um nám nemandans og innan skólans vinna umsjónarkennarar, sérkennarar og stuðningsfulltrúar saman að námsframgangi hvers nemanda.

Teymisfundir eru haldnir um það bil mánaðarlega fyrir hvern fatlaðan nemanda við skólann. Starfsfólk Félags- og skólaþjónustunnar kemur að ýmissi ráðgjöf, m.a. við gerð markvissra þjálfunaráætlana í einstaklingsnámskrám sem miða að því að auka hæfni einstaklinga til að takast á við athafnir daglegs lífs.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) annast sérfræðiþjónustu við Grunnskólann í Stykkishólmi. Forstöðumaður er Sveinn Þór Elínbergsson.

Félags- og skólaþjónustan er með vef þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemina. Slóðin á vefinn er: <http://www.fssf.is/>

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta skólans er rekin af Félags- og skólaþjónustunni. Sálfræðingur skólans er Inga Stefánsdóttir. Kennarar og/eða foreldrar geta leitað eftir aðstoð sálfræðings. Skilyrði fyrir því að sálfræðingur taki mál til úrlausnar er að foreldri veiti samþykki sitt á sérstöku tilvísunareyðublaði. Tilvísunareyðublöð er hægt að fá hjá skólastjórnendum, verkefnisstjóra sérkennslu og skólasálfræðingi. Inga kemur hálfsmánaðarlega til okkar.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi skólans er Alma Sif Kristjánsdóttir og er þjónusta hennar rekin af Félags- og skólaþjónustunni.

Hlutverk kennslu- og námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna í þeim málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Ásamt viðtölum sinnir hún reglulegri fræðslu í 5.-10. bekk. Alma Sif kemur vikulega til okkar.

Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur skólans er **Elmar Þórðarson** og er þjónusta hennar rekin af Félags- og skólaþjónustunni. Hún kemur til okkar annan hvern mánuð.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur t.d. til barnaverndar.

Nemendaverndarráð fundaði eftir þörfum og átti fastan fundartíma í vetur á miðvikudögum. Í nemendaverndarráði sitja:

Berglind Axelsdóttir, skólastjóri
Sesselja Kristinsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu
Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari
Brynja Reynisdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Alma Sif Kristjánsdóttir, kennslu- og námsráðgjafi
Guðmunda Þórunn Ragnarsdóttir, ritari

Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur fylgist með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari, klæðnaði, hreinlæti og aðbúnaði í skóla. Hjúkrunarfræðingur er í samvinnu við foreldra, skólalækni, kennara og annað starfsfólk skólans. Góðar upplýsingar um barnið eru mikils virði fyrir þá sem annast kennslu þess og heilbrigðiseftirlit. Má þar nefna ef um langvinna sjúkdóma er að ræða, lyfjanotkun eða breytingar á högum barnsins. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Heilsugæsla skólans heyrir undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Hjúkrunarfræðingur skólans er **Brynja Reynisdóttir**.

Lyfjagjafir til skólabarna á skólatíma

Heilsugæsla skólans heyrir undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Hjúkrunarfræðingur skólans er Brynja Reynisdóttir

Hjúkrunarfræðingur fylgist með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari, klæðnaði, hreinlæti og aðbúnaði í skóla. Hjúkrunarfræðingur er í samvinnu við foreldra, skólalækni, kennara og annað starfsfólk skólans. Góðar upplýsingar um barnið eru mikils virði fyrir þá sem annast kennslu þess og heilbrigðiseftirlit. Má þar nefna ef um langvinna sjúkdóma er að ræða, lyfjanoðkun eða breytingar á högum barnsins. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Í vetur tóku stjórnendur og hjúkrunafræðingur þá ákvörðun að hætta að gefa nemendum lyf. Nemendur þurfa því að hringja heim til að fá lyf, að undanteknum adrenalínspenna.



Forvarnir og öryggismál

Áföll – ástvinamissir

Áföll, svo sem ástvinamissir, skyndileg veikindi, slys eða átök í fjölskyldum, hafa djúpstæð áhrif á alla, ekki síst börn og unglinga. Því er mjög mikilvægt að foreldrar eða aðrir aðstandendur barna og unglinga komi slíkum upplýsingum til skólans. Réttast er að snúa sér til umsjónarkennara með slíkt. Upplýsingar sem þessar geta komið í veg fyrir röng viðbrögð starfsmanna.

Í skólanum er áfallaráð sem vinnur eftir ákveðnu ferli þegar áföll verða. Í áfallateymi eru skólastjóri sem jafnfram er formaður, aðstoðarskólastjóri og árgangastjórar.

Einelti

Grunnskólinn í Stykkishólmi tók þátt í Olweusaráætluninni gegn einelti fyrir fáeinum árum. Út frá því starfi var unnin eineltisáætlun sem starfað hefur verið eftir síðan. **Endurskoðun á áætluninni mun fara fram í vetur.**

Allt starfsfólk grunnskólans er samábyrgt fyrir því að koma í veg fyrir að einelti þrífist í skólanum.

Umfang eineltis er kannað reglulega með nafnlausum spurningakönnunum Skólapúlsins ásamt því að upplýsinga er aflað í gegnum nemendaviðtöl og aðrar ábendingar.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skólastefnu Stykkishólmsbæjar 2010 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi fjallar annars vegar um nemendur og hins vegar um starfsfólk.

Stefna Grunnskólans í Stykkishólmi er að stuðla að jafnrétti og mannréttindum meðal nemenda og starfsfólks skólans. Hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður verði metinn að verðleikum og sýni öllum virðingu í samskiptum. Stefnt er að því að tryggja öllum nemendum viðfangsefni og menntun við hæfi. Lögð er áhersla á að allir innan skólasamfélagsins fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars, aldurs eða annarrar stöðu. Skólastarf í anda jafnréttis og mannúðar miðar að því að breyta viðhorfi til hefðbundinna kynjaímynda og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Hún ýtir undir jákvæð samskipti, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat.

Meginmarkmið:

- Auka vitund um jafnrétti á meðal starfsfólks og nemenda
- Koma í veg fyrir áreitni og einelti
- Stuðla að jöfnum rétti starfsfólks til launa, endurmenntunar og samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu
- Námefti og kennsluhættir höfði til allra
- Halda jafnréttisviku ár hvert

Frímínútur

Nemendur í 1. – 4. bekk fara út á skólalóð en nemendur í 5. – 10. bekk geta valið hvort þeir eru úti á skólalóðinni eða inni í skóla.

Ekki er ætlast til að nemendur fari út af skólalóðinni í frímínútum enda eru þeir þá ekki lengur á ábyrgð skólans.

Skólinn leitast við að halda úti góðri gæslu í frímínútum. Hlutverk starfsmanna er að vera börnunum til halds og trausts og leitast við að koma í veg fyrir árekstra. Ásamt skólaliðum og stuðningsfulltrúum skiptast nemendur í 9. – 10. bekk á um að vera skólavinir í frímínútum. Þeir aðstoða við gæslu og virkja yngri nemendur í leikjum.

Morgungæsla

Grunnskólinn í Stykkishólmi er opinn frá kl. 7:45 á morgnana. Skólaliðar eru á staðnum og hafa auga með nemendum áður en skólastarf hefst.

Óveður

Þegar veður er vont verða foreldrar að meta hvort þeir senda börn sín í skólann. Ef skólastarf er felld niður vegna veðurs er það tilkynnt í útvarpi eins fljótt og kostur er. Ef óveður brestur á meðan nemendur eru í skólanum eiga þeir athvarf í skólanum þar til þeir eru sóttir.

Rýmingaráætlun – Brunnaæfing

Við upphaf hvers skólaárs fá starfsmenn og nemendur skólans kynningu á rýmingaráætlun skólans og að henni lokinni er verkleg æfing. Á henni er nemendum og starfsfólki gert að rýma skólann eftir ákveðnum flóttaleiðum og koma saman á „söfnunarstað“ sem er áhorfendapallar íþróttahúss. Samstarf er við slökkvilið Stykkishólms við þær æfingar.

Umferðin

Á morgnana skapast oft talsverð örtröð er foreldrar keyra börn sín til skóla. Mikilvægt er að foreldrar noti til þess gerða „slaufu“ en fari ekki inn á bílastæði skólans því þá skapast aukin hættu þar sem bílstjórar þurfa þá að bakka bílum sínum til að fara út af stæðinu.

Í undantekningartilfellum, t.d. varðandi fatlaða nemendur, er það að sjálfsögðu leyfilegt enda þurfa foreldrar þá oft að fylgja barni sínu inn í skólann.

Ávallt skal gæta fyllstu aðgátar við akstur nálægt skólanum.

